

Skýrsla stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögð fram á aðalfundi 2. mars 2023

I. Inngangur

Inngangsorð

Snemma á síðasta starfsári fór að birta verulega til, COVID faraldurinn í rénun og samkomutakmörkunum aflýst. Allt lifnaði við, félagsmenn þráðu að komast úr húsi, njóta samveru hvors annars og taka þátt í námskeiðum og ferðalögum. Umsvif félagsins jukust til muna og það var nánast alltaf fullt hús. En með afléttingu samkomutakmarkanna jókst eftirspurn landsmanna eftir allri þjónustu sem leiddi til hærra verðlags.

Félagsmönnum hélt áfram að fjölga sem er mikill styrkur fyrir félagið, en þeir eru nú um 15.000 og er nú svo komið að ríflega helmingur Reykvíkinga á aldrinum 60+ eru skráðir félagsmenn og ef aldursbilið 70-80 ára er skoðað þá er nær 80% Reykvíkinga á því aldursbili félagsmenn í FEB. Fjölgun félagsmanna kallar að sjálfsögðu á meiri og fjölbreyttari þjónustu og fleiri starfsmenn og er það skýringin á hærri launakostnaði.

Baráttan um bætt kjör eldra fólks hélt áfram að fullum krafti og á síðasta starfsári tók FEB m.a. virkan þátt í samvinnuverkefni aðildarféлага LEB og Landssambandsins fyrir bættum kjörum. Því miður verður að segjast eins og er að það veldur stjórn félagsins verulegum vonbrigðum hversu illa þessi aldursþópur virðist ná til eyrna stjórnvalda og eru menn nær ráðþrota við að finna leiðir til að hlustað verði á kröfur eldra fólks.

Eitt af stóru baráttumál húsnæðisnefndar síðasta starfsárs var að tryggja að Reykjavíkurborg gerði ráð fyrir lóðum fyrir húsnæði ætlað eldra fólki, en það þarf virkilega að minna sveitafélagið á að taka tillit til þarfa eldra fólks í vinnu sinni í skipulagsmálum borgarinnar. Auk þess fólst mikil vinna í að fylgja eftir framkvæmdum á íbúðum sem Leigufélag aldraðra stendur fyrir að byggja og stefnir á að leigja út á vormánuðum 2023.

Stjórn félagsins

Á aðalfundinum 2022 var Ingibjörg H. Sverrisdóttir sjálfkjörin formaður FEB.

Rétt á áframhaldandi stjórnarsetu höfðu aðalmennirnir: Ingibjörg Óskarsdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson og Geir A. Guðsteinsson. Aðrir í stjórn voru kosnir: Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Sigurbjörg Gísladóttir sem aðalmenn og þeir Viðar Eggertsson, Halldór Frímansson og Jón Kristján Árnason sem varamenn.

Stjórnin skipti með sér verkum; Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður, Sigurbjörg Gísladóttir varaformaður, Ingibjörg Óskarsdóttir gjaldkeri, Geir A. Guðsteinsson ritari, Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Ólafur Örn Ingólfsson meðstjórnendur. Varamenn Viðar Eggertsson, Halldór Frímansson og Jón Kristján Árnason.

Stjórn fer skv. lögum félagsins, með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri. Ákvarðanir um óregluleg útgjöld eða fjárhagslegar skuldbindingar félagsins skulu teknar á formlegum stjórnarfundum. Að jafnaði voru stjórnarfundir FEB haldnir mánaðarlega og var ágætis mæting á þá alla.

Formaður FEB, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og þau Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Sigurbjörg Gísladóttir munu sitja áfram í stjórn næsta starfsár og þau Geir A. Guðsteinsson, Ingibjörg Óskarsdóttir og Viðar Eggertsson hafa boðið sig fram til endurkjörs. Stjórnarmönnum öllum er hér með þakkað fyrir vel unnin störf í þágu Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Fjármál FEB

Rekstur félagsins gekk mun betur en áætlanir gerðu ráð fyrir og er þessu helst að þakka, fjölgun félagsmanna, sem þýðir hækkan félagsgjalda, tæplega tvöföldun á veltu í ferðalögum milli ára, aukinni leigu á sal félagsins og aðhaldi í rekstri.

Húsnæði félagsins

Á húsinu í Stangarhyl 4 hvílir bankalán frá árinu 2005. Lánið nam upphaflega 35 milljónum króna og var til 30 ára og stendur enn í tæpum 37 milljónum króna þar sem það hækkar í takt við verðlagsbreytingar. Lánið er í fullum skilum en af því eru mánaðarlega greiddar afborganir, vextir og verðbætur. Stjórnin hefur samþykkt að greiða lánið verulega niður á nýju starfsári vegna hárrar verðbólgu og lágrar ávöxtunar á handbæru fé.

Gert var við glugga á síðasta starfsári og þeir málaðir að utan auk þess sem borið var á útidyrarhurðirnar. Þakskeggið var málað að hluta en annar hluti þess bíður frekara viðhalds nú í sumar. Einnig voru tæki í eldhúsi endurnýjuð. Huga þarf að enn meira viðhaldi á næsta starfsári, þá sérstaklega innandyra því nauðsynlegt er að halda húsnæðinu vel við.

II. Félagsstarf og skrifstofa

Eftir að samkomutakmörkunum lauk, var húsnæði FEB margsetið alla virka daga yfir vetrartímann fram til dagsins í dag. Fjölbreytt námskeið, kynningar, fyrirlestrar, klúbbar, söngur og dans. Ásgarður, salur FEB var vel nýttur en auk þess var fjarvinnslukerfið ZOOM nýtt samhliða mætingu í sal fyrir einstaka námskeið. Metár var í rekstri ferðaskrifstofu FEB sem ber hjáheitið FEB-ferðir.

Bókmenntahópur og ljóðaklúbbur

Í bókmenntahópnum er boðið upp á yfirferð á ýmsum sögum. Jónína Guðmundsdóttir hefur stýrt þessum námskeiðum sem eiga sér dyggan stuðningshóp sem fer ört vaxandi. Á síðasta starfsári voru m.a. bækurnar Sextíu kíló af sólskini og Sextíu kíló af kjaftshöggum eftir Hallgrím Helgason teknar fyrir og mætti höfundur síðan á aðventustund félagsins og fjallaði um bækur sínar.

Þá fer Jónína fyrir ljóðaklúbbnum sem er starfandi en þar leiðir hún hópinn og velur efni í samstarfi við aðra þátttakendur.

Dansleikir

Í upphafi síðasta starfsárs ríkti mikil gleði þegar dansinn byrjaði aftur eftir COVID en dansað er á hverju sunnudegi kl. 20:00 í sal félagsins í Stangarhyl 4, að undanskyldu smá stoppi yfir helstu frídaga ársins. Þeir Hilmar Sverrisson og Ari Jónsson haf séð um að halda uppi stuðinu með frábærri tónlist, en nú í febrúar s.l. tók Grímur Sigurðsson við hljómborðinu af Hilvari. FEB þakkar Hilvari fyrir einstaklega góða spilamennsku.

Enska

Enskunámskeiðin hennar Margrétar Sölvadóttur voru vinsæl en hún leggur áherslu á að námið sé hagnýtt og að fólk öðlist færni í að bjarga sér t.d. þegar það fer til útlanda eða þegar það spjallar við enskumælandi fólk.

Göngu-Hrólfar

Yfir vetrartímann fer vaskur hópur félagsmanna í gönguferðir frá Stangarhylnum á miðvikudagsmorgnum kl. 10:00. Gengið er í um klukkustund og síðan er ómissandi að setjast niður og spjalla yfir kaffi og rúnstykki. Þessi hópur lætur ekkert stoppa gönguferðir sínar.

Kór FEB

Kór Félags eldri borgara tók vel við sér eftir COVID dvalann og hélt glimrandi vortónleika í Grensáskirkju í apríl s.l. ásamt Karalakórnum Kátir karla. Kórstjóri FEB kórsins var þá Bára Grímsdóttir en á haustmánuðum tók Kristín Jóhannesdóttir við stjórninni. Á aðventunni voru síðan haldnir jólatónleikar fyrir íbúa á Hjúkrunarheimilinu Eir og fyrirhugað er að kórinn syngi í útvarpsmessu innan fárra vikna. Formaður kórsins er Gísli Jónatansson.

Leikfimi

FEB hélt áfram að bjóða upp á leikfimitíma sem kallaðir eru „Sterk og liðug“ þar sem áherslan er á þá sem lengi hafa ætlað sér að byrja í leikfimi og/eða geta ekki stundað hefðbundna líkamsrækt. Markmið síðasta starfsárs var að ná til þeirra sem sem lokað höfðu sig af vegna COVID. Kennari er Tanya Svavarsdóttir.

Lestur fornaldarsagna

Eins og undanfarin ár var mesta aðsókn félagsmanna í fornaldarsagnanámskeiðin en á starfsárinu var farið yfir Grettis sögu, Færeyinga sögu og nú á vormánuðum 2023 er verið að lesa Jómsvíkinga sögu og er kennarinn Baldur Hafstað. Í vor verður síðan farið á söguslóðir líkt og vani er og er ferðinni nú heitið alla leið til Færeya!

Matarklúbbar FEB

Á síðasta starfsári var tekin upp sú nýning að bjóða upp á matarklúbba fyrir karlmenn 60+. Þeir er ætlaðir karlmönnum sem langar að læra að elda venjulegan íslenskan mat og borða saman í góðum félagskap. Áhugakokkurinn Kristján E. Guðmundsson var fenginn til að leiða hópana og í stuttu máli slógu klúbbarnir í gegn.

Skákdeild

Skákfélagið Æsir blómstraði á síðasta starfsári en teflt er einu sinni í viku nær alla mánuði ársins á þriðjudögum kl. 13:00. Á dagskrá skákfélagsins var m.a. minningamót um fallin félagi hann Magga Pé. en þar mættu m.a. ekkja hans og heilbrigðisráðherra. Formaður skákdeildarinnar er Garðar Guðmundsson.

Spænska

Spænskunámskeiðin hafa sprungið út hjá okkur. Þau eru kennd í þremur getuflokkum og við önnum vart eftirspurn, en það er hinn bráð skemmtilegi Kristinn R. Ólafsson sem kennir.

Zumba

Tvisvar í viku nánast yfir allan vetrartímann er dansað Zumba Gold í sal félagsins. Þessir tímar eru aðlagðir sérstaklega að fólki yfir miðjan aldur en það er hin skemmtilega Tanya Svavarsdóttir sem sér um dans og æfingar.

Ferðir

Nú var loks hægt að fara í langar rútuferðir innanlands sem hætta hafði þurft við síðustu tvö ár vegna COVID faraldursins. Farnar voru tíu langar og stuttar innanlandsferðir á vegum FEB- ferða frá maí til september 2022 og um mánaðarmótin nóv./des. voru farnar þrjár FEB-aðventuferðir til Berlínar.

Dagana 27. til 29. maí var farin þriggja daga ferð í Húnaþing og Skagafjörð á söguslóðir þeirra sagna sem teknar höfðu verið fyrir á Íslendingasögunámskeiðum fyrr um veturinn, en leiðbeinandi á námskeiðunum og jafnframt fararstjóri þessarar ferðar var Baldur Hafstað.

Farið var norður í Húnaþing á slóðir Agnesar og Friðriks dagana 14. til 15. júní þar sem Kári Jónasson var fararstjóri en þar voru ferðalangar m.a. leiddir í allan sannleikann um síðustu aftökuna á Íslandi.

20. júní var farin hin árlega dagsferð til Vestmannaeyja undir fararstjórn Kára Jónassonar og í Eyjum var það Gerður Guðný sem leiddi hópinn í gegnum Eldheima.

Demantshringurinn tók svo við dagana 27. til 28. júní þar sem perlur norðurlands voru skoðaðar. Enn á ný var það hinn eini og sanni Kári Jónasson sem sá um fararstjórn.

Ný og skemmtileg dagsferð var farin um suðurlandið þann 7. júlí þar sem hellarnir við Ægissíðu voru m.a. skoðaðir og komið við á Flúðum, Skálholti og Laugarvatni. Fararstjóri var Valdimar Bragason

14. júlí lá leið félagsmanna á Njáluslóðir þar sem Guðni Ágústsson naut sín vel í fararstjórn, en um var að ræða dagsferð.

Þann 10. ágúst var stefnan tekin á Landmannalaugar, farin var fjallabaksleið nyrðri í björtu og góðu veðri. Fararstjóri var Kári Jónasson.

Farin var dagsferð í Borgarfjörðin þann 23. ágúst þar sem ýmsir áhugaverðir staðir voru heimsóttir og saga, menning og náttúra héraðsins var kynnt. Fararstjóri var Kári Jónasson.

Eftir þriggja ára bið var nú loks hægt að bjóða upp á fjöggra daga ferð um Kjöl í Fjörður, Flateyjardag og Tröllaskaga, en þessi ferð var farin dagana 28. til 31. ágúst. Fararstjóri var Gísli Jónatansson.

Dagana 7. til 9. september buðu FEB-ferðir upp á aðra nýja skemmtilega innanlandsferð en nú var ferðinni heitið á Austfirðina þar sem fegurð landssvæðisins var skoðuð og gist á Hótel Hallormsstað. Fararstjóri var heimamaðurinn Jónas Jóhannsson.

FEB-ferðir toppaði síðan ferðaárið sitt með þremur aðventuferðum til Berlínar um mánaðarmótin nóvember og desember. Þar sá hún Lilja Hilmarsdóttir hjá Betri ferðum um fararstjórn.

Mikil aðsókn var í FEB ferðirnar á síðasta ári og upppantað í þær flestar löngu fyrir brottför. Stjórn og starfsmenn FEB þakka öllum fararstjórum fyrir frábæra vinnu og óeigingjarnt starf sem að mestu var unnið í sjálfboðavinnu.

Skrifstofan og þjónusta FEB við félagsmenn

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10 til 16, nema á föstudögum þá er opið frá kl. 10 til 15. Síminn er opin allan virka daga frá kl. 10 til 14. Dýrleif Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri félagsins, en aðrir starfsmenn eru Elín Inga Arnþórsdóttir og Eva Dögg Þórhallsdóttir.

Starfsfólk skrifstofunnar skipuleggur félagsstarfið og annast allan daglegan rekstur sem og utanumhald um allar ferðir sem í boði eru bæði innanlands og utan. Það heldur utan um öll námskeið félagsins, viðburði og fundi og sér um útgáfu á blaði þess ásamt stjórn og reksturs á sal. Sér um allar bókanir, tilkynningar og auglýsingar vegna félagsstarfsins og er til svara varðandi hin ýmsu hagsmunamál félagsmanna. Á skrifstofuna kemur og/eða hringir fjöldi félagsmanna í viku hverri til að leita upplýsinga um hin ýmsu mál. Skrifstofan afgreiðir einnig öll þau margvíslegu erindi og skilaboð sem félaginu berast með rafrænum hætti.

III. Starf nefnda

Ferðanefnd

Ferðanefnd félagsins vinnur mikið og gott starf og vinnur þétt með starfsmönnum FEB við skipulag allra FEB-ferða bæði innan- sem utanlands. Að meðaltali voru haldnir mánaðarlega fundir yfir vetratímamann enda að mörgu að taka í skipulagi allra þessara ferða. Farnar voru tíu innanlandsferðir og þrjár utanlands á síðasta starfsári. Mun erfiðara er að fá hótélherbergi fyrir árið 2023 þar sem Íslands virðist uppselt og að auki hefur allur ferða- og matarkostnaður hækkað verulega, það er því ögrandi verkefni fyrir nefndina að leita leiða til að halda verði ferðanna sem lægstu árið 2023.

Húsnæðisnefnd

Húsnæðisnefndin hefur það hlutverk að vinna að því að útvega eldri borgurum húsnæði til eignar og leiguhúsnæði á hagstæðum kjörum. Formaður húsnæðisnefndar FEB er Halldór Frímansson.

Áætlað er að ljúka byggingu fyrstu leiguíbúðanna á þessu ári, sem eru 51 talsins við Vatnsholt í Reykjavík. Auk þess eru í byggingu við Dalbraut á Akranesi 31 leiguíbúð fyrir aldraða. FEB er með eftirfarandi lóðavilyrði frá Reykjavíkurborg:

- a) Fyrir 50 íbúðum við Leirtjörn - Áætlað að komi til úthlutunar 2024 – Skipting milli eignaríbúða/leiguíbúða liggur ekki fyrir.
- b) Allt að 70 íbúðum í Gufunesi – Liggur ekki fyrir hvenær kemur til úthlutunar. Skipting milli eignaríbúða/leiguíbúða liggur ekki fyrir.
- c) Allt að 30 íbúðum á Ártúnshöfða – Liggur ekki fyrir hvenær kemur til úthlutunar – Skipting milli milli eignaríbúða/leiguíbúða liggur ekki fyrir.

Frekari byggingaráform munu liggja fyrir á þessu ári þegar hafist verður handa um byggingu 50 íbúða fyrir aldraða við Leirtjörn í Grafarholti.

Kjaranefnd og laganeftnd

Hlutverk hennar er að fylgjast með öllu sem varðar hagsmuni og kjör eldra fólks og gera tillögur til stjórnar um hvaðeina sem varðar þessi mál, tryggir góð samskipti við LEB og stjórnvöld og sér um afgreiðslu ályktanna og umsagna um lagafrumvörp. Formaður kjaranefndar FEB er Finnur Birgisson.

Þegar fjárlög voru til umfjöllunar sl. haust var mikil óvissa um það hver þróun launa og verðlags yrði á árinu 2023, og því fátt um forsendur til að byggja á kröfur um hækkun fjárhæða hjá TR, gagnstætt því sem verið hefur undanfarin ár. Endanleg hækkun hjá TR var að lokum ákveðin 7,4% í fjárlögunum og skýrð þannig að 1,3% væru til að bæta upp vanáætlun ársins 2022, 5,6% væru vegna áætlaðrar hækkunar verðlags 2023 og loks 0,5% upp í aukinn kaupmátt. Með þessu hækkaði óskertur ellilífeyrir úr 286.619 kr. í 307.829 kr./mán. þann 1. jan. 2023. Nú er hinsvegar orðið ljóst að forsendur fjárlaganna munu ekki standast og að þessi hækkun dugar hvergi nærri til þess að að halda í við raunverulega verðlags- og launaþróun. Baráttan gegn kjaramisgenginu verður því áfram helsta viðfangsefni kjaranefnda eldri borgara.

Velferðarnefnd

Markmið nefndarinnar er að kynna sér velferðarmál í sveitarfélaginu og óska lausna á úrbótum ef á þarf að halda.

FEB er virkur þátttakandi í rekstri Múla- og Hlíðabæja sem eru Sjálfseignastofnanir að Síðumúla 32 og Flókagötu 53. Þar er tilgangur starfseminnar að starfrækja dagvistun fyrir aldraða í Reykjavík sem búa í heimahúsum og til að rjúfa félagslega einangrun aldraðra og efla fólk til sjálfsbjargar. Einnig til að styrkja þá og hvetja til að lifa heilbrigðu og farsælu lífi á heimaslóðum. Afþreying og endurhæfing er einnig í boði. Það eru að jafnaði 130 manns sem nýta sér þessa þjónustu í hverri viku í húsnæði sem hannað er fyrir starfsemina en er nú að verða allt of lítið. Þar leggur FEB til 3 fulltrúa í fulltrúaráð einn varamann og einn fulltrúa í stjórn. Þetta er sjálfboðastarf og eru stofnfélagar auk FEB, SÍBS og Rauði Krossinn.

Ritnefnd

Ritnefnd ber ábyrgð á efni og útgáfu Félagstíðinda FEB sem gefin eru út einu sinni á ári. Ritstjóri fyrir Félagstíðindi 2022 og nú aftur fyrir árið 2023 er Geir A. Guðsteinsson. Félagstíðindi 2022 komu út stuttu eftir síðasta aðalfund og var 44 bls. af lengd. Áhersla var á húsnæðis, hagsmuna og baráttumál og heilsuefningu. Að auki var lagt upp með að skrifa um fjölbreytta tómstundariðju félagsmanna. Á áætlun er að Félagstíðindi 2023 komi út í lok mars og þar verður þemað lífeyrismál. Að auk verða mörg önnur skemmtileg málefni tekin fyrir og vonandi sem fjölbreyttust.

IV. Grái herinn

Með dómi Hæstaréttar 2. 11. 2022 í málum þriggja liðsmanna Gráa hersins gegn íslenska ríkinu vegna skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu var öllum rökum kærendanna hafnað og ríkinu gefið grænt ljós á gildandi skerðingarregluverk.


Kærendurnir hafa vísað dómnum til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), en það er úrslitailraun til að fá viðurkennt að skerðingarreglur almannatryggingarlaga séu úr hófi og standist hvorki íslensku stjórnarskrána né Mannréttinasáttmála Evrópu. Ef dómstóllinn samþykkir að taka málin fyrir, sem er líklegt en þó ekki öruggt, má reikna með að bið eftir endanlegri niðurstöðu verði 2-3 ár.

V. Lokaorð


Síðasta starfsár skilaði félaginu góðum hagnaði þó hann hafi dregist saman á milli ára. Launakostnaður hækkaði á milli ára en nauðsynlegt var að fjölga starfsfólki svo hægt væri að þjóna auknum fjölda félagsmanna og auknu framboði af félagsstarfi og ferðum, enda skilaði það sér í mikilli aukningu á tekjum (og kostnaði) af þessum liðum. Félagslífið var í blóma og ferðirnar margar, en hagsmunamálin voru líka mjög ofarlega á lista. Kjaranefndir FEB og LEB hafa unnið þrekvirki í allra gagnavinnu og upplýsingagjöf til ráðamanna, en þrátt fyrir það virðist sem eldra fólk sé hópur sem má gleymast og þarf ekki að hlusta á, að mati þeirra sem stjórna landinu. Allir virðast hlusta og skilja, en engar eru efndirnar. En við gefumst ekki upp og vinnum ótrauð að því að finna til nýjar leiðir til að ná til eyrna ráðamanna.

Við þökkum félagsmönnum ánægjulegar stundir á starfsárinu og óskum ykkur gleði og velfarnaðar á nýju ári.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni



Ingibjörg H. Sverrisdóttir
formaður



Dýrleif Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri